

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar 2025

Tilnefning valnefndar er að **Afstaða** hljóti verðlaunin.

Rökstuðningur:

Mannréttindaráð Reykjavíkur veitir Afstöðu mannréttindaverðlaun Reykjavíkur 2025 fyrir störf sín í tuttugu ár í þágu fanga og aðstandenda þeirra. Afstaða heimsækir reglulega öll fangelsi landsins og veitir stjórnvöldum aðhald og er öflugur málsvári bættra fangelsismála á Íslandi. Afstaða samanstendur af sjálfboðaliðum og fagfólki og leggur félagið áherslu á jafningjastuðning, endurhæfingu og endurkomu einstaklinga í samfélagið eftir afplánun.